



ÁRSSKÝRSLA

Sálfræðipjónusta í Menntaskólanum við Hamrahlíð
skólaárið 2017-2018

Bóas Valdórsson
Sálfræðingur

Efnisyfirlit

Fyrirlestrar í lífsleikni.....	2
Einstaklingsviðtöl	3
Samantekt í tengslum við einstaklingsviðtöl:.....	6
Skólapúlsinn.is.....	7
Samstarf við foreldra og fagaðila utan skólans	8
Samstarf innan skólans	8
Samstarf utan skólans	8
Yfirlit yfir fyrirlestra og fræðsluerindi vetrarins 2017-2018:.....	9
Heimildarskrá:	11

Eftirfarandi er samantekt á störfum sálfræðings Menntskólans við Hamrahlíð (MH) veturinn 2017-2018, yfirlit yfir starfsemistölur og vangaveltur um þá möguleika sem hægt er að hafa í huga við áframhaldandi þróun á þessari þjónustu. Er þetta annað árið sem þessi þjónusta stendur nemendum skólans í boði og því verður einnig fjallað um samanburð á milli ára. Alls leituðu 152 nemendur til sálfræðings skólans á tímabilinu ágúst 2017 til júní 2018. Ástæður voru fjölbreyttar en kvíði, vanlíðan, streita og álag í daglegu lífi voru algengar ástæður sem nemendur gáfu upp fyrir komu sinni. Sálfræðingur skólans hélt reglulega fyrirlestra fyrir nemendur, starfsfólk sem og kynningu á starfinu utan skólans. Dæmi um þetta er að haldnir voru fyrirlestrar í lífsleikniáföngum skólans, kynningaerindi fyrir aðstandendur skólans á fundi foreldrafélagsins og námskeið í prófkviða. Heilt yfir þá var þjónustan vel nýtt og er það mat undirritaðs að ýmsir möguleikar eru fyrir áframhaldandi þróun á sálfræðiþjónustu í skólanum út frá reynslu síðustu tveggja ára.


Haustið 2016 var ráðinn sálfræðingur í nýtt starf við MH í 75% starfshlutfall. Lagt var upp með að hlutverk sálfræðingsins væri að bjóða upp á almenna skólasálfræðiþjónustu og útfæra starfið í samstarfi við starfsfólk skólans og nemendur. Skyldi sálfræðingur þjónusta og styðja nemendur í formi viðtala, ráðgjafar, fræðslu og námskeiða. Miðað var við að nemendum stæði til boða að panta viðtöl hjá sálfræðingnum þar sem fram færi almenn ráðgjöf og mat á vanda þar sem áhersla væri á fyrirbyggjandi inngríp og forvarnarvinnu. Við skipulag starfsins voru hafðar til hliðsjónar nýlegar skýrslur um störf sálfræðings í Verkmenntaskólanum á Akureyri (Hjalte Jónsson, 2014/2015).

Í könnunum á brottfalli íslenskar ungmenna úr framhaldsskóla hefur komið fram að 9-11% nemenda segja andlega erfiðleika vera ástæðu þess að þau hætti í námi. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið [MM], 2013; Krístrún Birgisdóttir, 2015). Væntingar stóðu til þess að með því að hafa sálfræðing í starfsliði skólans væri hægt að koma á móts við þessa nemendur og draga úr brotthvarfi og hafa uppbyggileg áhrif á geðheilsu þeirra. Er það í samræmi við þær ábendingar og tillögur og sem framkoma í skýrslum um brotthvarf í framhaldsskólum á Íslandi (MM, 2013; Krístrún Birgisdóttir, 2015).

Eftirfarandi atriði hafa verið höfð til hliðsjónar við uppbyggingu á sálfræðiþjónustu í MH síðustu tvö ár. Áhersla hefur verið á að vinna gegn brotthvarfi og bjóða nemendum upp á viðtöl sem fela í sér almenna ráðgjöf, mat á vanda og stuðning. Miðað hefur verið við að aðkoma sálfræðings sé fyrirbyggjandi inngríp þar sem miðað er við að nemendur geti fengið 3-4 viðtöl hjá sálfræðingi sér að kostnaðarlausu innan skólans. Einnig hefur verið gert ráð fyrir því að sálfræðingurinn haldi námskeið og fyrirlestra fyrir nemendur, foreldra og kennara.

Fyrirlestrar í lífsleikni

Líkt og í fyrra var sálfræðingur skólans með fyrirlestra eða stutt námskeið í öllum 10 lífsleikniáföngum á haustönn 2017 fyrir alls 330 nemendur. Umfangið á þessum fræðslufyrirlestrum var þó mun meira þetta skólaárið þar sem um var að ræða tvö 80 mínútna skipti í hverjum lífsleiknihópi. Í fyrirlestrunum var áhersla höfð á fræðslu um tilfinningastjórnun, kvíðaeinkenni, vanlíðan og streitu. Er það í samræmi við þær helstu ástæður sem nemendur leituðu aðstoðar með hjá sálfræðingi skólans árið áður. Lögð var áhersla á að fjalla á almennum nótum um hvaða hlutir hafa áhrif á líðan hvers og eins sem og kynna fyrir nemendum gagnlegar leiðir til bregðast við tilfinningasveiflum. Nemendum var leiðbeint um hvert þeir gætu leitað ef þeir teldu þörf á frekari aðstoð og einnig var afhentur bæklingurinn „Leiðir að betri líðan“ og bæklingurinn „Mikið álag – hvað get ég gert“ sem eru stuttir bæklingar sem hugsaðir voru til að auðvelda nemendum við að fá yfirsýn yfir eigin styrkleika og bjargráð. Einnig eru þar ráðleggingar um hvaða leiðir hægt er að fara til að hafa jákvæði áhrif á



eigin líðan og tenglar á gagnlegar heimasíður. Sambærilegir fyrirlestrar voru haldnir fyrir fyrir IB nema skólans, útskriftarnemendur og nýnema á vorönn 2018.

Öl verðum við fyrir alingi í lífinu, hessa vegna þurfum að læra að takast á við slag með uppbyggilegum hatti og draga úr ósköplegum háhrifum þess.

Álag getur verið tímabundið eins og þrífátinn að véluvandrinn og þrífátinn áftíðastur hæma fyrir. Ennig getur álag verið þrífátlegt svo sem þrífátinn samskipti í véluvandrinn að í tengingum við ýmsar þrífátir. Álag getur líka fátist í það að vera að gera marga hluti á sama tíma eða að komast ekki yfir á þúka þeim verkferðum sem maður hefur tekið að sér.

Mikilvægt er að hafa í huga að áftíðastur í lífinu okkar hafa álfat einhver áhrif á það hvernig okkur líður og að þrífátirngæfverur eru eftirlitger á lífi okkar álta.

Aðstæður í umhverfinu minnu → 

Lit þrífátirngæfveru, vefurhætt, stóla álengur, og vefurhætt, þrífátirngæfveru líka, o.s.frv.

Hvæða þrífátirngæfveru álengi og streitu hjá þér?

Líkami

Þrífátirngæfveru líka, o.s.frv.

Hugsun

Þrífátirngæfveru líka, o.s.frv.


Hegðun

Þrífátirngæfveru líka, o.s.frv.

[illegible]


Einstaklingsviðtöl

Alls leituðu 152 nemendur til sálfræðings skólans veturinn 2017-2018 þar af 92 stelpur (60 %) og 60 strákar (40 %). Er kynjahlutfallið svipað milli ára en nokkuð færri nemendur leituðu til sálfræðings skólans í einstaklingsviðtöl veturinn 2017-2018 en árið áður og virðist fækkunin vera hlutfallslega meiri hjá stelpum skólans. Ástæður þessarar fækkunar á milli ára eru óljósar.




Mynd 1. Heildarfjöldi nemenda sem leituðu til sálfræðings MH á tveggja ára tímabili, skipt upp eftir kyni.

Ljóst er að fjölbreyttar ástæður eru fyrir því að nemendur leita til sálfræðings skólans. Til að fá yfirlit yfir þá þjónustu sem nemendur hafa þörf fyrir var haldin skráning yfir það hver ástæðan væri fyrir því að nemandi leitaði til sálfræðings skólans (sjá mynd 2). Af svörum nemenda má sjá að stór hluti leitaði ráðgjafar vegna breytingar á andlegri líðan, kvíða, vanlíðan og streitu. Einnig er stór hópur sem tiltekur erfiðar aðstæður heima fyrir sem og uppákomur í einkalífinu. Helsta breytingin á milli ára er að fleiri nemendur leita til sálfræðings skólans í tengslum við námsleiða. En einnig eru vísbendingar um að nemendur upplifi meiri streitu/álág og fleiri nemendur koma þetta árið hlutfallslega til sálfræðings vegna einhverra atvika í einkalífinu.




Mynd 2. Ástæða komu sem nemendur gáfu upp í fyrsta viðtali, samanburður á milli ára.

Á mynd 3 má sjá að nokkuð fleiri nemendur leituðu til sálfræðings skólans á haustönn (109) en vorönn (43) veturinn 2017-2018. Mun fleiri stelpur leituðu til sálfræðings á haustönn en strákar og dregur svo nokkuð mikið úr beiðnum frá stelpum á vorönn þannig að það eru jöfn hlutföll kynjanna sem óskar eftir viðtali hjá sálfræðingi á vorönninni. Ástæður fyrir þessari ólíku eftirspurn milli anna eru óljósar. Hafa ber í huga að hér er verið að tala um hvenær nemandi hafði samband eða þegar nemandi fékk fyrsta viðtal. Margir nemendur sem höfðu samband á haustönn voru svo áfram í viðtölum fram á vorönn og má ætla að um 60-80 nemendur hafi verið í reglulegu sambandi við sálfræðing skólans á hverjum tíma.




Mynd 3. Fjöldi nemenda sem leitaði til sálfræðings MH veturinn 2017-2018, skipt upp eftir önnnum og kyni.

Til samanburðar má sjá á mynd 4 hvernig svipað mynstur sést undanfarin tvö ár þar sem fleiri nemendur virðast sækja sér þjónustu sálfræðings á haustönn en á vorönn.




Mynd 4. Fjöldi nemenda sem leituðu til sálfræðings MH á haustönn og vorönn síðustu tvo vetur.

Á mynd 5 má sjá fjölda bókaðra viðtala síðustu tvö árin. Þrátt fyrir að færri nemendur hefðu leitað til sálfræðings í ár þá var svipaður fjöldi viðtala bókaður á haustönn en árið áður en nokkuð færri viðtöl voru bókuð á vorönn.




Mynd 5. Fjöldi einstaklingsviðtala hjá sálfræðingi MH veturinn 2016-2017 og veturinn 2017-2018, skipt upp eftir öðrum.

Á mynd 6 má sjá hvernig mæting var í viðtöl síðustu tvö árin. Svipað mynstur virðist vera í mætingum milli ára þar sem nemendur mæta ekki í um þriðjung viðtala sem þeir bóka hjá sálfræðingi skólans.



Mynd 6. Fjöldi nemenda út frá því hversu mörg viðtöl þeir nýttu sér veturinn 2016-2017.

Eins og sjá má á mynd 7 þá er svipað mynstur á því hvernig nemendur nýttu sér sálfræðipjónustuna. Stærsti hluti nemenda nýtir sér 1-4 viðtöl og margir koma þar af bara í eitt skipti. Athygli vekur að mun fleiri mættu ekki í bókuð viðtöl á nýliðnum vetri þegar borin er saman mæting á milli ára.



Mynd 7. Fjöldi nemenda út frá því hversu mörg viðtöl þeir nýttu sér veturinn 2016-2017 og veturinn 2017-2018.

Samantekt í tengslum við einstaklingsviðtöl:

Heilt yfir hefur mikil eftirspurn verið eftir sálfræðingi skólans síðustu tvo vetur og ástæður fyrir komu nemenda hafa verið svipaðar á milli ára. Nokkuð færri nemendur leituðu til sálfræðings skólans á nýliðnum vetri en árið áður (sjá mynd 1) og eru ástæður þess ekki ljósar. Möguleg ástæða gæti tengst því að færri nemendur eru í skólanum þegar þessi skólaár eru borin saman. En einnig gæti sú lífsleiknifræðsla sem hefur verið innan skólans síðust tvo vetur verið að skila sér með þeim hætti að fleiri nemendur hafi yfir að ráða bjargráðum til að takast á við aðstæður í eigin lífi og þurfa þá síður að bóka viðtal hjá sálfræðingi. Hinsvegar fara jafnmörg viðtöl fram á haustönn 2017 og haustönn 2016 þrátt fyrir að færri nemendur hafi óskað eftir viðtölum. Það bendir til þess að þeir nemendur sem leituðu til sálfræðing haustið 2017 hafa nýtt sér þjónustuna vel.



Áhugavert er að sjá að mun fleiri nemendur sækjast eftir þjónustu sálfræðings skólans á haustönn en á vorönn og á þetta jafnt við um síðustu tvö ár. Erfitt er að lesa í það hverjar ástæðurnar eru fyrir þessu en velta má því upp hvort haustönnin reyni meira á aðlögunarfærni nemenda. Þá eru vissulega nýnemar að stíga sín fyrstu skref í nýjum skóla og það getur reynst mörgum mjög krefjandi. Aðrar ástæður gætu líka legið fyrir þessu og áhugavert væri að skoða þetta mynstur nánar í samstarfi við stoðþjónustu skólans með það fyrir augum hvort hægt væri að bregðast við þessu með einhverjum hætti.

Það er umhugsunarefni að ekki er mætt í um þriðjungur þeirra viðtala sem bókuð eru og er þetta mætingahlutfall sambærilegt á milli ára. Ástæður þessa eru óljósar en í samtölum við aðra sálfræðinga sem starfa í framhaldsskólum hefur komið fram að þetta er ekki einsdæmi. Reynt hefur verið að bóka viðtöl með nemendum með því að senda þeim staðfestingu í tölvupósti sem og fá þau til að skrá hjá sér viðtöl í dagbækur eða síma. Mögulega þarf að leggja en frekari áherslu á það með nemendum að nýta þau viðtöl sem þau óska eftir til að forðast það að aðrir nemendur sem vilja nýta þjónustuna þurfi að bíða. Ástæður sem nemendur gefa reglulega fyrir því að mæta ekki í bókuð viðtöl er gleyska, mikið álag í skóla eða óvænt veikindi.


Flestir nemendur virðast nýta sér að koma í 1-4 viðtöl. Örfárir síðustu tvö ár hafa verið að koma í 5 eða fleiri viðtöl. Er þetta í samræmi við hvernig sálfræðiþjónustan hefur verið afmörkuð og virðist þetta vera raunhæft þjónustuviðmið fyrir flesta nemendur.

Skólapúlsinn.is

MH hefur verið þátttakandi í framhaldsskólapúlsinum (www.skólapúlsinn.is) undanfarin ár með það að markmiðið að átta sig jafnóðum á líðan og aðstæðum nemenda í skólanum. Könnunin er framkvæmd af utanaðkomandi aðila í gegnum netið og stuðst er við handahófskennt úrtak nemenda úr nemendaskrá skólans. Í ár voru þátttakendur 144 nemendur og var svarhlutfallið 91,7%. Með þessu mælitæki er hægt að átta sig á breytingum í líðan nemenda skólans og bera líðan þeirra saman við líðan annarra nemenda í öðrum menntaskólum. Með þessum hætti er hægt að sýna fram á það að lækkun hefur verið undanfarin tvö ár í þunglyndis- og kvíðaeinkennum hjá nemendum eins og sjá má á myndunum hér að neðan. Verða þetta að teljast jákvæðar niðurstöður.



Niðurstöður skólapúlsins gefa líka til kynna að mikilvægt sé að huga áfram að líðan nemenda því nokkur breyting virðist hafa átt sér stað í mati nemenda á eigin hamingju undanfarin ár umfram það sem gerist hjá nemendum í viðmiðunarskólum. Einnig er óunnið verk í tengslum við svefnvenjur nemenda en nemendur í MH virðast sofa nokkru minna en nemendur í viðmiðunarskólum en 51,2% nemenda í MH segjast aldrei eða sjaldan hafa verið útsofin eftir nætursvefn á síðustu 30 dögum. Líklegt er að of lítill svefn geti haft áhrif á líðan þeirra og námsástundun og því mikilvægt að hafa þetta í huga á næstu misserum þegar verið er að huga að fræðslufyrirlestrum og námskeiðum fyrir nemendur.



Samstarf við foreldra og fagaðila utan skólans

Samstarf var í nokkrum málum við foreldra og haldnir voru fjölskyldufundir með námsráðgjöfum til að undirstrika samstarf heimilis og skóla og til að virkja stuðningsnet nemendanna. Var slíkt samstarf alltaf í fullu samráði við nemendurna sjálfa. Einnig voru fundir haldnir með fagaðilum í kringum málefni nemenda til að samhæfa þjónustu og úrræði í kringum einstaka nemendur.

Nokkur tilvik komu upp þar sem nemendum var vísað í áframhaldandi meðferð og/eða greiningu hjá viðeigandi meðferðaraðilum utan skólans og var slíkt alltaf gert í fullu samráði við nemendurna sjálfa.

Samstarf innan skólans

Sálfræðingur hefur starfað náið með námsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingi og kennurum eftir þörfum hverju sinni. Vikulegir fundir eru í stoðteymi skólans en í því teymi sitja námsráðgjafar, hjúkrunarfræðingur og sálfræðingur. Einnig hefur sálfræðingur komið að úrvinnslu og fyrirögn á framhaldsskólapúlsinum sem er könnun sem lögð er fyrir úrtak nemenda og höfð til hliðsjónar í innra mati skólans.

Samstarf utan skólans

Þar sem fáir sálfræðingar starfa innan framhaldsskólanna á Íslandi hefur ekki verið hægt að byggja starfið á reynslu annarra skóla nema að takmörkuðu leyti. Það er þó talið mjög mikilvægt að þeir sálfræðinga sem starfi í framhaldsskólum séu í góðu samstarfi hvor við annan og fylgist að einhverju leiti að við að móta starf sálfræðinga innan skólanna. Hefur af þessum ástæðum verið stofnaður lokaður facebook hópur fyrir sálfræðinga sem starfa á þessum vettvangi og hafa þar skapast gagnlegar umræður um fagleg málefni og hafa aðilar miðlað og deilt þar hagnýtu efni og ráðum. Til stendur að efla það samstarf en frekar á næsta skólaári.

Formlegt samstarf af þessum toga hefur þegar farið af stað á milli Menntaskólans við Hamrahlíð og Menntaskólans á Akureyri og fékkst styrkur frá Lýðheilsusjóðs til vinna að og aðlaga fræðsluefni á rafrænuformi fyrir framhaldsskólanemendur með áherslu á geðrækt og jákvæða geðheilsu. Er stefnt á að hefja þá vinnu á haustönn

2018. Markmiðið er að byggja á reynslu sálfræðinga sem starfa í tveimur ólíkum framhaldsskólum og útbúa fræðsluefni sem nýtist framhaldsskólanemum og tengist þeim viðfangsefnum sem mæta sálfræðingum sem starfa í framhaldsskólunum. Eftirfarandi er stutt lýsing á verkefninu:

„Markmiðið er að hanna fræðsluefni sem nýtist á vettvangi framhaldsskólanna með áherslu á almenna geðrækt og jákvæða geðheilsu. Verkefnið er hugsað á þann veg að það verði aðgengilegt á vefnum og felist bæði í stuttum fræðslumyndböndum, fræðslutexta og verkefnum sem notandinn getur prentað út eða unnið í gegnum vefinn. Verkefnin eiga að vera hnitmiðuð og afmörkuð sem og með viðmót sem auðvelt er að vinna með í snjallsímum og fartölvum. Hugmyndin er að hanna efni sem hægt væri að nota í fræðsluerindum eða í einstaklingsráðgjöf til nemenda.“

Yfirlit yfir fyrirlestra og fræðsluerindi vetrarins 2017-2018:

Eftirfarandi er yfirlit yfir þá fyrirlestra og fræðsluerindi sem haldin voru af sálfræðingi skólans veturinn 2017-2018. Helst ber þar að nefna að á haustönn var haldið námskeið um prófkvíða fyrir um 40 nemendur skólans. Einnig er vert að nefna kynningu á starfi skólasálfræðings í menntaskóla fyrir ráðherrum og skólastjórnendum víðsvegar að á opnum fundi á vegum heilbrigðisráðherra og ráðherra- mennta og menningarmála í apríl 2018. Tilefnið var að ræða áform ráðherra um að efla tengsl heilsugæslustöðva og framhaldsskóla varðandi sálfræðipjónustu fyrir nemendur.

Menntaskólin við Hamrahlíð – heilsueflandi framhaldsskóli

Námskeið haldið á haustönn fyrir nemendur MH. **Heiti námskeiðs:** „*Prófkvíði og mikið álag – hvernig græjar maður það?*“. Fjöldi þátttakenda 40.

Menntaskólinn við Hamrahlíð:

Kynning á starfi sálfræðings í MH og umræður á fundi með foreldrafélagi MH 10. október 2017.

Skólaþróun.is

Kynning á starfi sálfræðings skólans á ráðstefnunni „Framhaldsskóli í þróun: ráðstefna um rannsóknir og nýbreytni í framhaldsskólum“ á vegum Skólaþróun – samtökum um áhugafólks um skólaþróun. Haldið 22. september í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Erindið var haldið með Kristínu Elvu Viðarsdóttur sálfræðingi í MA. **Heiti erindis:** „*Sálfræðipjónusta í MH og MA skólaárið 2016-2017*“.

Geðhjálp

Kynning á starfi sálfræðings skólans á ráðstefnunni „Börnin okkar“ á vegum Geðhjálp á Grand Hótel 17. október. Heiti erindis: „*Sálfræðipjónusta í framhaldsskólum - horft fram á veginn*“.

ADHD samtökin

Kynning á starfi sálfræðingi MH á ráðstefnunni „Ferðalag í flughálku“ á vegum ADHD samtakana á Hótel Hilton Nordica 27. október. Heiti erindis: „*Sálfræðipjónusta í framhaldsskólum –horft fram á veginn*“.

Heilsueflandi Framhaldsskóli

Málþing um geðheilbrigði og vellíðan framhaldsskólanema á vegum Embætti Landlæknis og Heilsueflandi framhaldsskóla 27. nóvember 2017. **Heiti erindis:** „*Hver á að sinna skólaþjónustu í framhaldsskólum*“.

Heimili og skóli og foreldrafélög:

Samstarfsfundur Heimilis og skóla, foreldraráðs Fjölbautaskólans í Garðabæ, Kvennaskólans í Reykjavík og Menntaskólans við Hamrahlíð 5. mars 2018. **Heiti erindis:** „*Samskipti foreldra og ungmenna*“

Kennsluráðstefna í MH

Erindi haldið á Kennsluráðstefnu í MH fyrir kennara og starfsfólk skólans 16. mars 2018. **Heiti erindis:** „*Jákvæð sálfræði í skólastofunni*“.

Vakning til vitundar

Opinn fundur í Fjölbautarskólanum við Ármúla þann 20. apríl 2018 á vegum heilbrigðisráðherra og ráðherra- mennta og menningarmála. Tilefnið var að ræða áform ráðherra um að efla tengsl heilsugæslustöðva og framhaldsskóla varðandi sálfræðipjónustu fyrir nemendur. **Heiti erindis:** „*Sálfræðipjónusta í Menntaskólanum við Hamrahlíð*“.

Grein í fréttablaðinu:

Innsend grein í Fréttablaðinu 02.02.2018. Heiti greinar „Sálfræðipjónusta í alla framhaldsskóla“. Höfundar: Bóas Valdórsson sálfræðingur og Steinn Jóhannsson konrektor MH. (sjá hér: <http://www.visir.is/g/2018180209790/salfraedithjonusta-i-alla-framhaldsskola->)

Samantekt

Á síðustu tveimur árum hefur sálfræðingur skólans sinnt 357 nemendum og hafa þeir fengið 804 einstaklingsviðtöl. Hafa nemendur fengið stuðning og ráðgjöf í tengslum við mjög fjölbreytt viðfangsefni og hefur stöðug eftirspurn verið eftir viðtölum síðustu tvo vetur. Af þessu má ráða að raunveruleg þörf er á slíkri þjónustu innan skólans og sjá í niðurstöðum framhaldsskólalapsins síðustu tveggja ára að tekist hafi að minnka kvíða og vanlíðunar upplifun hjá nemendum.

Helstu inngrip sem stuðst hefur verið við eru einstaklingsviðtöl og fræðslufyrirlestrar fyrir alla nýnema skólans í lífsleiknitímum. Í samstarfi við MA stendur til að þróa rafrænt fræðsluefni fyrir alla nemendur með áherslu á almenna geðrækt og jákvæða geðheilsu. Vonir standa til að hægt verði að notast við það efni bæði í einstaklings- og hópráðgjöf fyrir nemendur á næstu árum.

Eftirfarandi áherslupunktur hér fyrir neðan voru settir fram í árskýrslunni í fyrra. Hefur verið reynt að vinna eftir þeim á þessu skólaári. Reynt hefur verið að efla samstarf við aðra skóla við uppbyggingu á sálfræðipjónustu með því að koma á fót lokuðum facebook hóp fyrir sálfræðinga, halda fyrirlestra fyrir skólafólk um starf skólasálfræðings í MH og sækja um styrk hjá Lýðheilsusjóð fyrir þróun á fræðsluefni fyrir framhaldsskólanemendur.

Úr árskýrslu 2016-2017 í tengslum við áframhaldandi uppbyggingu á sálfræðipjónustu skólans:

- Ljóst er að þörfin fyrir sálfræðing innan skólans er mikil og möguleikarnir margir. Mikilvægt er því að halda áfram því þróunarstarfi sem nú þegar er hafið og þróa starfið áfram í samráði við starfsfólk skólans og nemendur.
- Huga þarf að samstarfi við aðra skóla sem eru að fara byggja upp sálfræðipjónustu á framhaldsskólastigi til að miðla þekkingu og reynslu á þessu sviði með það fyrir augum að þjónustan og áherslunnar hjá sálfræðingum innan framhaldsskólana séu að nýtast nemendum sem best.
- Huga þarf betur að því að þróa hópráðgjöf, námskeið og fyrirlestra fyrir nemendur. Í því samhengi hafa verið lögð drög að námskeiðum sem fara munu í gang á næsta vetri þar sem áhersla verður á tilfinningastjórn, streitustjórn, samskiptafærni, styrkleika vinnu og jákvæða sálfræði. Mikilvægt verður að teljast að sú fræðsla og/eða námskeið séu aðgengileg nemendum innan hefðbundins skólatíma.
- Vinna er þegar hafinn innan skólans við að skilgreina betur jaðarhópa eða nemendur í áhættuhópum til að mæta þörfum þeirra með marvissum hætti. Í því samhengi er hægt að horfa til ýmissa þátta s.s. mætingareinkunnir, fjölda lokinna eininga, námsferil eða reyna að finna þá nemendur sem hafa einangrast félagslega, þá nemendur sem eru undir of miklu álagi námslega/vinnulega/félagslega eða þá nemendur sem glíma við geðræna erfiðleika svo einhver dæmi séu nefnd. Í þessu samhengi er líka stuðst við niðurstöður þeirra kannana sem gerðar er á líðan og upplifun nemenda.

Heimildarskrá:

Kristrún Birgisdóttir (2015). *Brotthvarf úr framhaldsskólum*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Hjalti Jónsson (2015). *Ársskýrsla: Sálfræðipjónusta í Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA) skólaárið 2014-2015*. <https://www.vma.is/is/thjonusta/salfraedingur/arsskyrslur-salfraedings-vma>.

Hjalti Jónsson (2014). *Ársskýrsla: Sálfræðipjónusta í Verkmenntaskólanum á Akureyri (VMA) skólaárið 2012-2013*. <https://www.vma.is/is/thjonusta/salfraedingur/arsskyrslur-salfraedings-vma>.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti (2013). *Brotthvarf úr framhaldsskólum: vor 2013*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.